

Bekkur: 9. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Sigríður Arnardóttir og Ása Erlingsdóttir

Tímafjöldi: 4 klst.



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Ýmis málfræðihefti og bækur.

Kvikmyndir

Vinnubækur og verkefnabækur

Ýmsar bókmenntir

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Bókmenntir	Að nemandi geti: - Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir. - Lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð. - Beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum. - Notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.	Innlögn á bókmenntahugtökum, lestur og verkefnavinna. Samhlustun og lestur. Hópaverkefni Umræður Próf, skrifleg verkefni, ritgerð úr valbók.	Verkefni eru lögð fram með hæfniviðmið í huga og eru nemendur upplýstir um hvað hæfniviðmið eigi við hverju sinni. Notast er við leiðsagnarmat og er nemendur metnir jafnt og þétt. Metið er hvernig þeim tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem ætlast er til. Unnið er að hverju hæfniviðmið nokkrum sinnum yfir önnina.
Lestur og lesskilningur	- Lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni. - Valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. - Beitt ríkulegum orðaf	Heimalestur, tímalestur, samlestur, umræður og hópavinna. Skrifleg verkefni. Ritgerð úr valbók. Valverkefni frá kennara.	

	• orða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinni. • Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika. Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.		
Ritun	• Haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum. • Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. • Beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið. • Samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og köpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum. • Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.	Nemendur læra um heimildir og heimildanotkun. Innlögn á málsháttum og orðtökum og nemendur vinna með þau. Nemendur skrifa rökfærsluritgerð. Nemendum kennt að nota uppfléttirit með sýnikennslu. Ritunarverkefni. Stafsetningarupplestur. Stök tímaverkefni. Sögugerð.	
Mál og málnotkun	• Beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun. • Áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti. • Áttað sig á og beitt köpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. • Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • Beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu. • Nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.	Innlögn á málfræðiatríðum og verkefni unnin. Lestur, umræður og verkefni er varðar mismunandi orðaforða. Lestur og umræða um tilurð tungumálsins. Verkefnamappa. Stök málfræðiverkefni.	
Talað mál, hlustun og áhorf	• Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi.	Nemendur flytja fjölbreytta texta í pontu.	

	• Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum. • Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt. • Nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	Hópavinna þar sem nemendur ræða og vinna verkefni um efnið sem þeir hafa lesið, horft eða hlustað á. Skrifleg verkefni þar sem nemendur þurfa að gera grein fyrir skoðunum á ákveðnu efni.	
--	--	--	--